

6. Fundur stjórnar – 28. september 2023

Haldinn á skrifstofu félagsins, Stórhöfða 29

Fundinn sátu: Dóra Magnúsdóttir, Guðný Margrét Emilsdóttir, Halldór Kolbeins, Hallfríður Þórarinsdóttir (vm), Jóna Fanney Friðriksdóttir og Sigurður Albert Ármannsson (vm) og Snorri Steinn Sigurðsson. Jóhanna Magnúsdóttir (vm) tók þátt í fjárfundi. Leifur Björnsson boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 20:05.

Dagskrá:**1. Kjarasamningar**

DM er ekki búin að tala við þau stéttarfélag sem henni var falið að tala við. Hún sagðist mundu gera það síðar. JFF var ekki búin að senda formlegan póst LS til VR en mun gera það á morgun (29.9.)

Samninganefnd þarf að hittast sem fyrst. Líka mikilvægt að hitta VR sem fyrst. Umræður um að hitta forseta ASÍ ásamt VR í kjölfarið og þá í samstarfi við VR.

Nefnt að kjaranefnd og samninganefnd sameinast í eina nefnd meðan á samningaviðræðum stendur.

Afgreiðsla: Samþykkt að sameinuð samninga- og kjaranefnd hittist 2. október nk.

2. Önnur mál.**HK bað um opnun á áframhaldandi umræður um lið af 9. lið af síðasta fundi**

Umræður án niðurstöðu.

Afgreiðsla: Ákveðið að fá Jón Garðar Hreiðarsson ráðgjafa inn á fund stjórnar til að freista þess að aðstoða núverandi stjórn með að sinna sínum verkefnum sínum án þess að draugar fortíðar þvælist sífelld fyrir.

*Dóra Magnúsdóttir**Guðný Margrét Emilsdóttir**Halldór Kolbeins**Hallfríður Þórarinsdóttir**Jóhanna Magnúsdóttir**Jóna Fanney Friðriksdóttir**Sigurður Albert Ármannsson**Snorri Steinn Sigurðsson*